



Opinn fundur í Urðarbrunni 3. október 2018

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG, bauð alla velkomna um leið og hann hóf fundinn. Í upphafi fundar sagði hann frá ýmsum málum sem nemendur höfðu komið áleiðis á opnum fundum. Hann nefndi t.a.m. að liturinn hefði verið dekkur í Urðarbrunni til að koma á mótis við leiklistarnemendur og að endurvinnsla í skólanum hefði verið aukin. Og nú ætti að fjölga endurvinnslutunnum.

Einnig ræddi hann um að nemendur þyrftu að taka sig á varðandi umgengni. Hún er frekar slæm og getur verið miklu betri.

Kristinn sagði frá því að búið væri að festa kaup á þráðlausu netkerfi sem vonandi kemst í notkun fljótlega.

Einnig er búið að endurnýja grill, bæta við örbylgjuofni og kaupa hraðsuðuketil í matsal nemenda. Ef þessir hlutir eiga að gagnast nemendum þá þarf að ganga vel um þá.

Hér fór hljóðneminn af stað og opnað var fyrir spurningar og /eða ábendingar úr sal.

- Spurt var um Nocco og hvort ekki væri hægt að setja drykkinn aftur í sölu.
FG er heilsueflandi framhaldsskóli og sala á þessum drykkjum samræmist ekki heilsueflandi stefnu skólans. Neysla drykkjanna er ekki bönnuð í skólanum en þeir verða ekki seldir innan veggja FG. Kristinn lagði áherslu á að það að taka Nocco úr sölu var ekki vegna kvartana heldur var þetta ákvörðun hans. Hann hvatti nemendur til að koma og tala við sig ef þeir telja sig hafa haldbær rök fyrir því að setja drykkinn aftur í sölu.
- Af hverju er verið að selja Coke Zero og kaffi en ekki Nocco.
Coke Zero var til sölu fyrir mistök í einn dag. Kaffidrykkja nemenda er óveruleg.
- Spurt var hvort FG verði þriggja anna skóli strax eftir áramótin.
FG verður þriggja anna skóli haust 2019.
- Spurt var um FG peysur og hvað þær muni kosta.
Peysurnar eru frá 66° og það verður mátun í næstu viku. Hægt verður að velja á milli tveggja gerða og mun sú ódýrari kosta 9.900 krónur en sú dýrari 12 – 13.000 krónur.
- Hvenær koma nemendakortin?
Á facebook eru upplýsingar um hvernig nálgast má kortin í gegnum PAY. Seinna á fundinum kom fram að sitt sýndist hverjum um að nota app til að nálgast nemendakortið.
- Athugasemd barst úr sal um efstu íslenskuáfangana, hvort ekki væri hægt að nýta þá í að kenna stafsetningu og að gera ritgerðir í stað þess að leggja áherslu á bókmenntasögu.
Þessari athugasemd verður komið á framfæri við íslenskudeildina.
- Er hægt að stytta smíðju og lengja hádegishléið?



Það er ekki réttlætanlegt því smiðja er hugsuð fyrir nemendur og hún er hluti kennslu. Hægt er að lengja hádegishléið en þá lengist skóladagurinn sem því nemur.

- Er hægt að færa smiðju og hafa hana í lok dags?
Nei, það hefur verið reynt og gafst ekki vel. Fáir nemendur nýttu sér smiðjurnar, mun færri en þeir sem mæta núna þegar smiðjurnar eru inni í stundatöflunni.
- Nemandi vildi koma á framfæri hrósi fyrir að hætt var að nota plastmál undir hafragrautinn á morgnana og tók undir fyrri athugasemd um efstu íslenskuáfangana.
- Hver verður lengd kennslustunda þegar skólinn verður orðinn þriggja anna? Verða tímarnir ekki það langir að nemendur missa einbeitinguna?
Kristinn benti á að hann hefði sent nemendum bréf með upplýsingum um þriggja anna kerfið. Þar kom m.a. fram að líklega verða kennslustundirnar 4x80 mínútur. Reynslan mun svo leiða það í ljós hver tímalengdin verður. Þetta er tilraun til þriggja ára.
- Verða þá lokapróf þrisvar sinnum á vetri?
Gera má ráð fyrir því og líklega á lokaprófum eftir að fækka.
- Hvenær er FG-Flensborgardagurinn?
Hann verður 19. október.
- Af hverju er litið til Ameríku þegar unnið er með menntun? Af hverju ekki til Finnlands?
Þriggja anna kerfið er ekki skv. bandarískri fyrirmynd þó svo að Kristinn hafi heimsótt og kynnt sér þriggja anna skóla í Bandaríkjunum. Miklu frekar er litið til þeirra landa sem Ísland vill bera sig saman við.
- Hvað varð um kaffiáskriftina?
Upplagt að ræða þetta við starfsmenn í mötuneyti.
- Matsalan er dýr.
Samanburður á mötuneytum í framhaldsskólum sýndi að mötuneytið í FG er á pari við marga aðra skóla. En sjálfsagt að koma þessari ábendingu á framfæri við starfsmenn mötuneytis.
- Ekki er hægt að kaupa hálfan matarskammt sem þýðir að þá fer helmingurinn í ruslið.
Upplagt að ræða þetta við starfsmenn í mötuneyti.
- Nemendur í grunnskóla fá niðurgreiddan mat en ekki framhaldsskólanemendur.
Það er ekki á fjárhagsáætlun skólans að greiða niður mat fyrir nemendur. Hvað starfsmenn varðar þá er það hluti af starfskjörum.
- Nemendur eru beðnir að slökkva á grillinu þegar þeir eru búnir að nota það. Annars kemur mikil og vond lykt.

Fundi slitið.

Fundarritari, Kristín Helga